

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 19. desember 1972****um breytingu á tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit****(72/427/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af sáttmálanum um aðild nýrra ríkja að Efnahagsbandalagi Evrópu og að Kjarnorkubandalagi Evrópu sem undirritaður var 22. janúar 1972, einkum 153. gr. laga í viðauka við hann,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breyta þarf II. viðauka við tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 ⁽¹⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit vegna stækkunar bandalagsins.

Í samræmi við 30. gr. laganna sem getið var um áður verður að breyta áður nefndum viðauka til samræmis við þá stefnu sem sett er fram í II. viðauka þeirra laga.

SAMBYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Við teikningarnar sem um getur í lið 3.2.1 í II. viðauka við tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 bætast við stafirnir fyrir táknið UK, IR og DK, í samræmi við fyrirmyndina hér fyrir neðan:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

2. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna og tekur gildi sama dag og aðild verður gild.
Gjört í Brussel 19. desember 1972.

Fyrir hönd ráðsins,
T. WESTERTERP
forseti.
